

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Skipulagsnefnd

**Efni:** Minnisblað og samantekt erindis vegna Langatanga - umferðarrýni

**Dags:** 22. janúar 2025

**Málsnúmer:** 202409562/22.6

**Sendandi:** Kristinn Pálsson, Skipulagsfulltrúi

### Langitangi - umferðaröryggisrýni vegna gegnumaksturs íbúðasvæðis

#### Samantekt:

Erindi og fyrirspurn barst fyrst árið 2021 frá íbúa vegna umferðaröryggis við íbúðarbyggð að Langatanga og áhrif gegnumaksturs frá Vesturlandsvegi á hverfið. Fyrirspurninni fylgdu hugmyndir að breyta hverfinu að Langatanga, Bjargatanga, Bogatanga, Bugðutanga og Dalatanga í lokaða greiðu, í líkingu við aðliggjandi svæði svo sem Arnartanga og Leirutanga. Erindi var svarað af skipulagsfulltrúa þess efnis að ekki stæði til að gera breytingar á götunni enda þyrfti að rýna áhrif á umferðarflæði sérstaklega. Þá var einnig vísað til þess að til stæði að fara í gerð nýrrar umferðaröryggisáætlunar næstu misseri.

Erindi barst stjórnslunni að nýju 2024 þegar gerð nýrrar umferðaröryggisáætlunar var að klárast. Var þess þá enn á ný óskað að gerðar yrðu breytingar á Langatanga til þess að tryggja umferðaröryggi vegna aksturs í gegnum hverfið. Fram kom í erindi að umræður hefðu átt sér stað meðal íbúa í götunni. Fyrirspurninni var vísað til fyrrverandi leiðtoga umhverfis og framkvæmda sem ásamt skipulagsfulltrúa ákváðu að fá umferðaröryggisráðgjafa til þess að rýna götuna sérstaklega sem viðauka umferðaröryggisáætlunar. Langitangi nýtur nokkurar sérstöðu vegna beinnar tengingar íbúðargötu við Vesturlandsveginn. Einnig er áform um uppbyggingu á miðsvæði og Hamraborg sem áhrif getur haft á uppbyggingu. Að því viðbættu er stefnt að því að Borgarlína fari um Bogatanga að Skeiðholti eða Langatanga S.

Skýrsla og rýni ráðgjafa EFLU greinir frá áhrifum fyrirhugaðra breytinga á Langatanga og leggur til tillögu um lokun gatnamóta Langatanga við Skeiðholt/Bogatanga. Nokkrir valkostir voru skoðaðir, þar á meðal breytingin á gatnamótunum í hringtorg og möguleg önnur lokun ákveðinna tenginga. Embættismenn Mosfellsbæjar báðu umferðaröryggisráðgjafa að rýna og meta ýmsa mögulega kosti fyrir breytingar, lokanir, aðgerðir eða óbreytt ástand götunnar. Rýni var alveg óháð ósk erindis eða öðrum hugsanlegum tillögum. Mikilvægt var að skoða inngrip út frá hugsanlegum samlegðaráhrifum.



Áætlað er að breyting sem tilgreind er sem sviðsmynd 3 (sem ber heitið „3 arma hringtorg“ en er í raun **T gatnamót**) muni hafa veruleg jákvæð áhrif á umferðarfæði og öryggi. Með því að breyta núverandi gatnamótum í T gefur spá til kynna að heildarumferðarafkaða muni batna, með minni umferðartafir og styttri biðtíma, sérstaklega á háannatíma. Sviðsmynd 3, þar sem lokun er á Langatanga N [Norður], myndi draga úr umferð í gegnum svæðið og færa hana að Álfatanga, sem er betur útbúin til að taka við meiri umferð. Þetta myndi létta á Langatanga, sérstaklega með tilliti til framtíðaruppbyggingar á nærliggjandi svæðum.

Lokun Langatanga N fyrir gegnumumferð myndi einnig bæta öryggi við gatnamótin, þar sem færri umferðarógnir myndu koma upp. En tillagan tekur mið af skráðum umferðaróhöppum. Þetta hefur þó lítil áhrif á umferðarflæði í kring, þar sem umferðin myndi færast til Álfatanga og Baugshlíð, sem eru betur útbúin til að taka við. Þetta er jákvæð breyting sem styður einnig framtíðarbyggð við Langatanga og Hamraborg. Ólíkt öðrum sviðsmyndum þá mun óviðkomandi umferð frá Vesturlandsvegi ekki lengur fara um hverfið.

Það eru þó áskoranir, svo sem við aðlögun á gönguþverunum og að tryggja nægjanlega sýn á gatnamótunum. Með tilliti til framtíðaruppbyggingar á almenningsamgöngum, þar á meðal Borgarlínu, er talið að breytingarnar muni einnig auðvelda samþættingu við nýja samgöngukerfið. Um er að ræða kost til viðbótar þeim að minnka umferð um íbúðarhverfi við Langatanga N.

Í heildina er talið að breytingarnar á Langatanga og lokun tengingar við Skeiðholt/Bogatanga muni bæta umferðarfæði, öryggi og skipulag svæðisins, auk þess sem þær leggja grunn að framtíðar samgöngulausnum.

## Forsaga og erindi:

### ***Fyrirspurn Kára Sigurðssonar, dags. 17.09.2021:***

Ég hafði samband við hana Kollu með þetta erindi og hún benti mér á að senda á hana Jóhönnu sem benti mér svo á þig.

Þannig er mál með vexti að ég er ný fluttur í Langatanga 4 með fjölskylduna. Við færðum okkur ekki langt um set þar sem áður bjugum við í Gerplustræti í Helgafellshverfinu og því Mosfellingar frá blautu barnsbeini bæði tvö.

Ég hinsvegar velti því fyrir mér með þennan umferðarþunga sem streymir hér upp Langatangann á morgni hverjum hvort að ekki væri ráðlagt að loka honum neðst eða við Álfatanga.

Ég hef verið að ræða við fólk í hérna í kringum mig og þau eru á sama máli. Langitanginn virkar sem stofngata en að þessari storfngötu liggja innkeyrslur með fylgjandi börnum að leik og mjög mjóum gangbrautum.



Einnig hringdi ég í Harald en hann minntist þess að þessi hugmynd hefði komið áður upp en ekki farið í neitt formlegt ferli.

Málið í grunninn er það að á morgnanna og seinnipartinn er mikill umferðarþungi hér upp og niður Langatangann, það er hraðahindrun í götunni en hún virkar frekar sem stökkpallur fyrir þá sem eru að drífa sig í og úr vinnu.

Ég geri ráð fyrir því að þessi umferð komi að mestu úr Arnartanga og holtunum austan við Álfatanga.

Einnig finnst mér vert að minnast á það að það er sjaldgæft að hús snúi einfaldlega að stofngötum og því finnst mér eðlilegt til þess að minnka umferðarþunga að best væri að loka Álfatanga.

Væri rosalega þakklátur fyrir svör varðandi næstu skref til þess að þetta yrði tekið fyrir af bæjarráði, kemur þú þessu þangað eða sendi ég þetta þangað?

Kær Kveðja Kári Sigurðsson.

**Annað erindi Kára Sigurðssonar, dags. 10.04.2024:**

Kári heiti ég og er ábúandi í Langatanga 4 í Mosfellsbænum.

Ég veit ekki alveg hvert er best að snúa mér í þessu þar sem við nágrannarnir höfum verið að djöflast í þessum málum núna í töluverðan tíma eða síðan 2021 en ekki fengið hjómgrunn.

Mosfellbær var í umferðaröryggisátaki og eru þetta mín tvö sent í þá umræðu.

Til að stuðla að umferðaröryggi í Mosfellsbæ legg ég til að Langatanga verði lokað þannig að ekki sé hægt að keyra í gegnum hann af nærliggjandi hverfum til þess að komast upp á Vesturlandsveg og Skeiðholt.

Langitangi er sjaldgæf blanda á milli safngötu/húsagötu sem yrði ekki samþykkt í dag þar sem innkeyrslur liggja að umferðarmikilli safngötu. Mikið er af börnum í hverfinu og því getur gangandi umferð yfir götuna verið töluverð. Því er það til háborinnar skammar að ekki séu gangbrautir né þrengingar yfir Langatangann þrátt fyrir að ég hafi hringt í hann Þorsteinn margoft á meðan verið var að gera við gangstéttarnar síðasta haust og bent honum á þetta.

Hægt væri að leysa þetta vandamál með tveimur blómapottum við gatnamót Langatanga og Álfatanga og því verkefni sem er auðleyst með litlum kostnaði.

Samkvæmt eldri ábúendum var það alltaf á áætluninn að loka í annan endann en það hefur aldrei verið gert en nú er von með ríkjandi framsókn í bæjarráði og þér í bæjarstjórnastólnum.

Svo það komi fram þá hef ég ekki rætt við þann aðilla í hverfinu sem er mótfallinn þessari hugmynd. Hef lengi ætlað að fara hringinn í hverfinu til að safna undirskriftum en vill helst sleppa við það þar sem það tekur töluverðan tíma.

Ég held að það sé einungis tímaspursmál hvenær þarna verði slys ekki hvort það verði.

Hlakka til að heyra frá ykkur - Kári Sigurðsson

**Umsögn skipulagsfulltrúa:**

Skipulagsfulltrúi leggur til að tillagan verði skoðuð ferkar samhliða uppbyggingu við Hamraborg og mögulegri stækkun hjúkrunarheimilis að Hlaðhömrum. Niðurstaða í skýrslu og minnisblaði telur að fyrirhugaðar aðgerðir með hringtorgi við Langatanga/Bogatanga/Skeiðholt sé ekki réttur kostur aðgerða með tillit til almenningsamgagna. Með nýjum T gatnamótum megi bæði breyta umferðarflæði, möguelga fækka árekstrum og eyða óviðkomandi umferð um Langatanga N. Slík aðgerð mun hafa áhrif á ferðavenjur íbúa á svæðinu og þarfnast frekara samráðs. Hugsanlega megi skoða einfaldari útfærslu framkvæmda og breytinga sem skýrslan leggur til. Breytingar á Langatanga eru ekki á verkefnalista umferðaröryggisáætlunar né verkefnalista aðgerða fyrir 2025.

*Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi*

**Fylgigögn:**

*Minnisblað/Skýrsla, umferðaröryggisrýni Langatanga, EFLA 24.0.2024*